

Góðan daginn,

Varðandi mynd um Norðurljós sem sýnd hefur verið í Þjórsárstofu.

Myndina bjó Gunnar til sjálfur sumarið 2015 og er hún samsett fjölda ljósmynda af norðurljósum sem teknar voru af Einari Rafnssyni ljósmyndara og kvikmyndatökumanni hjá RUV sem er enn eigandi ljósmyndanna. Myndin er um 6 mínútna löng.

Hver sekúnda í myndinni samanstendur af 24 völdum ljósmyndum sem er raðað er saman svo að úr verði hreyfimynd. Myndin er í tölvunni í Þjórsárstofu, tilbúin til sýningar eins og þið eflaust vitið. Hún vakti athygli um leið og hún var tilbúin til sýningar og var langoftast sýnd beint í kjölfarið á myndinni um Þjórsá. Myndin vakti einnig lukku enda eiga ferðamenn að sumri ekki von til þess að sjá norðurljós berum augum.

Upphaflega var hugmyndin að fá Gagarín til að útbúa norðurljósamynd en verðmiðinn var ansi hár, ca 2.500.000 án vsk, fyrir samsetningu, fyrir utan ljósmyndunina sjálfa. Því ákvað Gunnar að kaupa viðeigandi hugbúnað, læra á hann og klára þetta sjálfur.

Við viljum því bjóða ykkur þessa mynd til kaups og höfum við sett á hana verðmiðann 250.000 sem er vel innan við 10% af því sem það hefði kostað að láta setja svona sýningu saman (fyrir utan ljósmyndun).

Svo langar mig að gamni að vekja athygli á "appinu" sem við létum útbúa fyrir okkur í fyrra og erum nú að kynna fyrir restraraðilum tjaldsvæða um allt land. Það heitir Tjaldsvæði ÍHendi og heldur gríðarvel utan um allt sem þarf, innheimtu, verðlista, lögboðna skýrslugerð, upplýsingar um áfangastaði í nágrenninu, myndir ofl. Sjá má upplýsingar og leiðbeiningar hér [Tjaldsvæði Íhendi](#)

Með bestu kveðju og einlægri von um gott gengi í sumar

Rósa Kristín Benediktsdóttir

s: 6646555